

Starfsáætlun Kópahvols

Skólaárið 2025 – 2026



Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari og sýna fram á að innra mat er umbótamiðað. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá Kópahvols. Foreldraráð gefur umsögn um áætlunina sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Almennar upplýsingar um leikskólann, dagskipulag, skólanámskrá, foreldraráð og skóladagatal ásamt fleiri þáttum má finna á [heimasíðu](#) skólans. Leikskólinn Kópahvoll tók til starfa árið 1970 og er fjöggra deilda skóli þar sem boðið er upp á sveigjanlegan vistunartíma. Í leikskólanum eru samtals 74 börn.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður sem og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón og til þess að unnið sé eftir viðbragsáætlunum. Hér má finna [Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#)

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

[Áfallaáætlun leikskólans](#)

[Jafnréttisáætlun leikskólans](#)

[Jafnréttis- og mannréttindastefna Kópavogsbæjar](#)

[Stefna Kópavogsbæjar gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi](#)

[Verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi í stofnunum sviðsins.](#)

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís. Skráð voru 12 slys í atvik á tímabilinu 1. ágúst 2024 – 1. ágúst 2025. Þrjú slys voru skráð vegna barna, allt á útsvæði leikskólans. Eitt atvik var skráð vegna aðstandenda barns sem fékk aðsvif þegar viðkomandi kom að sækja barn í leikskólann með þeim afleiðingum að viðkomandi fellur niður í stiga á lóð skólans. Tvö atvik

voru skráð vegna starfsmanna, annað vegna aftanákeyrslu á leið heim úr vinnu og hitt þar sem starfsmaður rekur sig í dót á gólfi og brýtur litlu tá. Tíu atvik voru skráð vegna barna í leikskólanum öll minniháttar. Tvö atvik þar sem barn datt úr rólu á leiksvæðinu og skrámast. Þrjú atvik þar sem barn datt í leik og skrámast. Eitt atvik þar sem þrjú börn fundu munntóbak og prufuðu að setja upp í sig, haft var samband við eitrefnastöð og öll börnin send upp á bráðamóttöku barna. Eitt atvik þar sem barn var að nota límbyssu og brennir sig á líminu, kennari var að aðstoða önnur börn í sama rými þegar atvikið átti sér stað.

Viðhald

Skólaárið 2024 – 2025

Í september 2024 kom upp mygla á tveimur deildum í Kópahvoli, Lóu- og Spóadeild en það er elsti partur leikskólans. Farið var af stað í framkvæmdir eins fljótt og hægt var og deildirnar gerðar fokheldar. Framkvæmdir kláruðust sumarið 2025 og var þá búið að endurnýja allt á deildunum. Meðal annars voru sett tvo ný starfsmannasalarnir þar sem áður voru geymslur. Einnig var sett nýtt þak á þennan hluta hússins og þak á hluta hússins síðan 1993 var málaður.

Skólaárið 2025 – 2026

Áætlað hefur verið að fjarlægja flísar af forstofu Ugludeildar og seta epoxi á gólfid eins og á Lóu- og Spóadeild. Vinnueftirlitið hefur gert athugasemd við flísarnar þar sem þær verða mjög sleipar þegar kemur sandur inn. Óskað hefur verið eftir að settur verði upp vaskur í sal skólans þar sem nú er farið að nýta salinn undir matstofu fyrir börnin.



Skólastarfið

Skólastarf er í sífelldri mótun og starfið tekur stöðugum breytingum og þróast í takt við þann hóp sem kemur að leikskólanum hverju sinni. Í leikskólanum er höfuðáhersla lögð á gæði í samskiptum enda eru þau grundvallarþáttur í öllu starfi skólans. Stefna skólans er Uppeldi til ábyrgðar og erum við enn að bæta við okkur þekkingu í þeim fræðum. Snemmtæk íhlutun er orðin hluti af starfi leikskólans. Kópahvoll er réttindaskóli UNICEF og þar að leiðandi er unnið út frá Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og lýðræði.

Einkunnarorð leikskólans Kópahvols eru *gleði, samkennd, frelsi og hugrekki*.

Samþætt þjónusta – farsældar lögin


Farsældarlögin tóku gildi 1. janúar 2022 en innleiðingarferlið mun taka um fimm ár. Lögin eru svar við ákalli til stjórnvalda um að betur sé hlúð að börnum með það að markmiði að þeim farnist vel í lífinu.

Þau ná til allrar þjónustu sem ríki og sveitarfélög veita börnum hvort sem það er innan skólakerfis, heilbrigðiskerfis eða velferðarkerfis.

Aðrir aðilar sem vinna með börnum í skipulögðu starfi sem eiga þátt í að styðja og efla farsæld barna bera einnig skyldur og geta tekið þátt í samþættingu þjónustu.

Samþætt þjónusta snýr að samstarfið í kringum börn og fjölskyldur sé í skýrum farvegi og tryggt að barnið sé hjartað í kerfinu.

Öll börn og foreldrar sem á þurfa að halda eiga að hafa aðgengi að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.



Lausnateymi er starfrækt í Kópahvoli – hlutverk lausnateymis er að kortleggja stöðu barns og leita lausna, barni og fjölskyldu þess til stuðnings. Viðunandi úrræði eru virkjuð til að bregðast við erfiðleikum eða aðstæðum barns. Í lausnateymi Kópahvols sitja leikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjóri viðeigandi deildar. Útbúið hefur verið [beiðnaform](#) sem nýtist öllu starfsfólki skólans ef áhyggjur vakna.



Áherslur í skólastarfinu skólaárið 2025-2026

Unnið er út frá Barnasáttmálanum, Uppbygging sjálfsaga - uppeldi til ábyrgðar, snemmtækri íhlutun og lýðræði og læsi í víðri merkingu. Unnið er með verkefnið Lubbi finnur málbeinið og Vináttuverkefni Barnaheilla.

Í Kópahvoli er lagt upp með að efla sjálfsvitund barnanna, samskipti og samhug eins og einkunnarorðin gefa til kynna. Kópahvoll er réttindaskóli UNICEF og allt starf í leikskólanum er unnið með það að sjónarmiði. Leikskólastarfið einkennist af samkennd, hlustun, virðingu og lýðræði meðal barna og starfsfólks. Frelsið mótask með lýðræðinu og hvernig við eflum alla einstaklinga í leikskólanum til þess að vera þeir sjálfir.

Áherslur fyrir skólaárið 2025 – 2026 er að halda áfram að efla sjálfsprottna leikin, flæði og samstarf milli deilda. Orðið flæði notum við yfir starfsaðferðir okkar í Kópahvoli þar sem við ýtum undir frelsi einstaklingsins til þess að vinna út frá áhugasviði sínu hverju sinni óháð hvaða deild barnið er á.

Lögð verður áhersla á útinám þar sem við munum taka þátt í Nordplus junior verkefni næstu tvö árin sem snýr að útinámi. Verkefnið ber heitið „Discover, Learn, Thrive: Outdoor Education in Early Childhood“. Það mun standa yfir í 24 mánuði og er unnið í samstarfi við skóla í Litháen og Noregi.

Matstofa var tekin í notkun í maí 2023 þá einungis í morgunmat og nónhressingu, nú hefur verið ákveðið að allir matmálstímar fari fram í matstofu og á öllum deildum. Aukið sjálfstæði og lýðræði kemur með matstofu sem og það ýtir undir samstarf deilda á milli og flæði barnanna. Áfram verður farið í íþróttahús Kópavogsskóla einu sinni í viku með einn hóp sem er aldurs blandaður.

Áfram verður unnið með listgreinakennara í Hreiðri (listasmiðja) og mun sá kennari einnig sjá um söng og tónlist. Áætlað er að stofna kór í Kópahvoli.



Símenntunaráætlun

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja námskeið, til að bæta faglegt starf og efla starfsþróun.

Árið 2025 – 2026. Ýmis námskeið á vegum Kópavogsbæjar svo sem starfsmannasamtöl,

Símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2025-2026

Námskeið	Hvenær	Hverjir
Kraganámskeið		
Kraganámskeið		
Kraganámskeið		
Kraganámskeið		
Kraganámskeið		
Fagfundur	15. október	Allt starfsfólk velkomið
Fagfundur	26. mars	Allt starfsfólk velkomið
Skyndihjálparnámskeið	Janúar – maí 2026	Allt starfsfólk
FSL námstefna	19. september	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Vinnustofa UNICEF Grunn	17. september	Deildastjórar Krumma- og Lóudeildar
Vinnustofa UNICEF Framhalds	18. september	Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri Spóadeildar
Vinnustofa börn í viðkvæmri stöðu	18. september	Leikskólastjóri og Sérkennslustjóri

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar verða fimm á árinu og nýttir til að efla fagþekkingu, hópefli og skipulag starfsins. Farið verður í að endurmeta snemmtæka íhlutun handbókina.

Skólaárið 2025-2026

Föstudagurinn 12. September 2025- Kynning á velferð á vinnustað, Endurmat og undirbúningur fyrir vetrarstarfið. Dagurinn endar á hópefli og skemmtun.

Miðvikudagur 12. Nóvember 2025 – óákveðið

Föstudagurinn 16. Janúar 2025 – Endurmat – á haustinu

Miðvikudagur 10. mars 2025 – óákveðið

Föstudagur 15. Maí 2025 – Áætlað að vinna af okkur, fá skyndihjálpar námskeið 2026 eftir vinnu og fund.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Starfið í leikskólanum er í sífelldri þróun með tilliti til nýbreytni. Áfram er horft til Heimsmarkmiða og Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna í öllu starfi skólans. Lögð verður sérstök áhersla á sjálfsprotna leikinn, fullgildi og inngildingu.

Kópahvoll verður þátttakandi Nordplus junior verkefni næstu tvö árin. Verkefnið miðar að því að bæta gæði leikskólakennslu fyrir börn á aldrinum 1 – 5 ára í Litháen, Noregi og Íslandi með því að efla útikennslu og sjálfbærni. Á tveggja ára tímabili sameinar verkefnið kennara í að útbúa kennsluefni sem samþætta Reggio Emilia, heimspeki, útikennslu og sjálfbærni. Unnið verður með endurunnin og náttúruleg efni og ýtt undir sjálfbærni í daglegu starfi. Kennarar mun taka þátt í vinnustofum og námsheimsóknum þar sem unnið verður með útinám. Markmið verkefnisins er meðal annars að efla faglega hæfni kennara, stuðla að heildrænum þroska barna, efla samstarf við fjölskyldur og samfélag. Lagt er upp með í lok verkefnis verði til verkferlar sem hægt verði að nota áfram í starfi leikskólana. Með því að hvetja til gagnrýnnar hugsunar, sköpunar og umhverfisábyrgðar frá unga aldri styður verkefnið víðtækari markmið Nordplus við að efla nýsköpun, samvinnu og menntun án aðgreiningar.

Ákveðið var að fara í breytingar innanhús haustið 2023 þar sem áhugi var fyrir því að nýta rýmið í salnum betur en áður hefur verið gert. Ákveðið var að færa hreyfinguna út og breyta salnum í rými þar sem fleiri en ein deild getur nýtt rýmið í einu í leik og starf. Sett var upp leikfangasafn þar sem kennarar og börn geta komið og skipt út efnivið á deildunum eftir hentugleika. Maí 2025 var ákveðið að vera alfarið með matstofu í Kópahvoli, ánægja hefur verið með þessa breytingu og verður áframhald á þessu verkefni. Breytingar taka tíma og því viljum við gefa okkur annað ár í að þróa matstofuna enn frekar og bæta umhverfið og aðstöðuna.

Kennarar settu sér markmið um að yta undir samvinnu á milli allra deilda skólans og breyting á salnum var hluti af þeirri samvinnu, þar skapast tækifæri til þess að blanda börnunum meira saman í leik. Unnið er með flæði í öllum skólanum þar sem helmingur barnanna fer út og hinn helmingurinn er inni og með þessum hætti nýtast öll svæði skólans. Þá geta börnin valið um að fara á einhverja ákveðna deild auk þess að velja um Hreiður og Salinn. Áframhald verður á þessari vinnu þar sem enn er þörf á að móta fyrirkomulagið enn betur í staðinn fyrir að kalla fyrirkomulagið val þá viljum við frekar nota orðið flæði sem stendur fyrir því að við viljum yta undir frelsi einstaklingsins til þess að þroskast og vinna út frá áhugasviði hverju sinni.



Foreldrasamstarf

Upplýsingar um foreldraráð Kópahvols og foreldrafélag ásamt lögum og starfsreglum má finna á [heimasíðu leikskólans](#).

Samsetning starfsmannahópsins

Í Kópahvoli er gert ráð fyrir 12,16 stöðugildum á fjórum deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 50% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50% stöðu sérkennslustjóra og 1,75 stöðugildi í eldhúsi. Auk þess að vera í stjórnunarstöðu sinnir aðstoðarleikskólastjóri meðal annars heimasíðu leikskólans og skipulagningu á faglegu starfi. Deildir eru að auki með starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna. Heildar stöðugildi í Kópahvoli er 18,21 og af því eru 2,5 stöðugildi vegna sérkennslu.

Skólaárið 2025-2026 munu starfa í Kópahvoli auk stjórnenda, sérkennslustjóri, tveir leikskólakennarar með deildarstjórn annar á síðasta ári í leikskólafræðum, tveir háskólamenntaðir kennarar með deildarstjórn, annar að byrja í meistara námi í leikskólakennarafræðum og einn ófaglærður starfsmaður með deildarstjórn. Fjórir leikskólakennarar, þrír háskólamenntaðir starfsmenn, og tíu almennir starfsmenn í mismunandi prósentu þar af tvær á leiðinni í fæðingarorlof í september/október.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu kennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Hagnýtar upplýsingar

Aldursskipting eftir árum:

24 börn fædd 2020
12 börn fædd 2021
16 börn fædd 2022
14 börn fædd 2023
8 börn fædd 2024

Börn

Í september 2025 voru 74 börn í Kópahvoli og þar af sautján börn af erlendum uppruna.

Dvalartími hvers dag 526,2
Barngildin voru 97,14



Mat á skólastarfi og umbótaáætlun

Innra mat

Innra mat á að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Mat skólans er viðvarandi verkefni byggt á viðmiðum sem fram koma í aðalnámskrá, skólanámskrá skólans og starfsáætlun. Hlutverk innra mats er að skoða og meta framkvæmd stefnu og markmiðs skólans. Í framhaldi af því mati er mótuð umbótaáætlun fyrir þá þætti sem út af standa.

Matsteymi og þátttaka í innra mati

Í matsteymi Kópavols er Aðstoðarleiksskólastjóri, tveir deildarstjórar, háskólamenntaður starfsmaður og leiksskólaliði. Þar að leiðandi er einn starfsmaður af hverri deild ásamt aðstoðarleiksskólastjóra. Teymið sér um skipulagningu matsins og ber ábyrgð á framkvæmd þess. Innra mat er samvinnuverkefni allra starfsmanna, foreldra og barna.

Niðurstöður úr matsáætlun 2024- 2025

Skólaárið 2024 – 2025 var matsáætlun til fjögurra ára þ.e. fyrir árin 2021 – 2025 kláruð. Stuðst var við viðmið og vísbendingar fyrir innra mat sem Reykjavíkurborg gaf út 2015. Spurningakönnun var lögð fyrir starfsfólk leiksskólans sem og foreldra, tekið var viðtal við sérkennslustjóra og leiksskólastjóra, starfsmenn í matsteyminu fóru í vettvangsathuganir á deildar. Matsteymið sá síðan um að vinna úr könnunum og matsniðurstöðum og komu með tillögur að úrbótum. Þættir í matsáætlun eru litakóðaðir og hér má sjá hvað liggur að baki hverjum lit:

Dökkgrænn: 100-75%, mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Sumir þættir eru öðrum til eftirbreytni.

Ljósgrænn: 75-50%, gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, styrkleikar fleiri en tækifæri til umbóta.

Gulur: 50-25%, verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Tækifæri til umbóta fleiri en styrkleikar.

Appelsínugulur: 25-0%, margir mikilvægir þættir uppfylla ekki viðmið um gæðastarf.

Í upphafi skólaárs 2025 verður matsáætlunin endurmetin og unnið samkvæmt nýrri áætlun frá 2025 – 2029.

Starfsmenn hvernar deildar mátu þættina sjálfbærni og vísindi á þar til gerðum eyðublöðum og skiluðu inn. Vegna breyttra aðstæðna í framkvæmdum við skólann má segja að ýmislegt í mati á námsþáttum hafi ekki verið marktækt þó svo að kennarar hafi tekið mið af aðstæðum. Meðfylgjandi eru niðurstöður úr matinu og umbótaáætlun.

Í viðhengi eru niðurstöður og umbótaáætlun úr því mati sem lagt var fyrir og unnið úr s.l. skólaár. Veturinn 2025 – 2026 verða lögð fyrir námsviðin, læsi og samskipti og verður það lagt fyrir á haustmánuðum til að hægt verði að vinna að úrbótum í vetur.

Ytra mat

Matsteymi um gæði leiksskólastarfs í Kópavogi tók til starfa haustið 2020 en tilgangur þess er að stuðla að þróun og umbótum í leiksskólastarfi.

Starfsmanna og foreldra könnun á vegum skólapúlsins

Foreldrakönnun á vegum skólapúlsins var framkvæmd í febrúar 2025 og var svarhlutfall 76%. Almenn ánægja virðist vera með leiksskólann sem og stjórnun hans. Óánægja með húsnæði skólans var mjög skýr og má ætla að það komi til að hluta vegna framkvæmda á húsnæði skólans

þar sem upp kom mygla og þurfti því að flytja öll elstu börnin í annað húsnæði tímabundið. Vegna myglu þurfti að fá inn skólamat í húsnæði elstu barnanna og kom það einnig skýrt fram í foreldrakönnun að foreldrar væru ekki ánægðir með matinn frá skólamat. Mikil ánægja er með tímasetningar á viðburðum sem ætlaðir eru fyrir foreldra einnig er ánægja með heimasíðu skólans og telja flestir að upplýsingar á síðunni séu gagnlegar. Langflestir eru ánægðir með aðlögun barna sinna í Kópahvol sem og flutning á milli deilda.

Starfsmannakönnun var lögð fyrir í apríl 2025 á vegum skólapúlsins og var svarhlutfall 90%. Flestir telja vinnuálag mikið og finnst þeir þurfa vinna á miklum hraða og hafa mikið að gera. Einhverjum finnst þeir ekki fá skýr verkefni og telja að þeir fá stundum verkefni en ekki viðeigandi úrræði til þess að leysa þau. Langflestir telja starfið sitt mikilvægt og finnst það krefjandi í jákvæðri merkingu, einnig telja flestir að kunnátta þeirra nýtist í starfi.

Mat barna

Unnið hefur verið að því að efla mat barna og virkja börnin enn frekar í að hafa skoðanir og áhrif á starf leikskólans. Í tengslum við UNICEF verkefnið voru lagðir fyrir tvo elstu árgangana spurningarlistar sem kallast öryggiskönnun og stöðumat, sjá upplýsingar í Vinnuáætlun UNICEF 2025 - og það mat fléttað inn í heildar mat samkvæmt áætlun um innra mat 2021 - 2025.

Öll börn leikskólans fá að hafa áhrif á hvað er í hádegismat að lágmarki einu sinni til tvisvar á vetri. Á afmælisdegi leikskólans fá börnin að ákveða hvað er í bæði hádegismat og nónhressingu og haldin formleg kosning þar sem öll börn fá atkvæðisrétt. Einnig hafa öll börn áhrif í verkefninu „Okkar leikskóli“ þar sem Kópahvoll fær 1000 kr. per barn þar sem þau hafa áhrif á hvað peningurinn fer í.

